

95. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn fundarherbergi skipulags- og byggingarfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni, mánudaginn 23. september 2019, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kjartan Lárusson, Kolbeinn Sveinbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Helgi Kjartansson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Bjarni D. Danielsson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsóknir um heimtaugar - 1902021

Umsóknir um heimtaugar vegna hitaveitu og vatnsveitu

Umsókn Ásgeirs Ásgeirssonar fh Fjallshlíð ehf, landnr. 168 158 Snorrastaðir, sumarhús, heitt vatn.

Umsóknin er samþykkt.

2. Hitaveitulögn að Bakkakoti í landi Eiríkshlíð - 1909036

Stofnlögn hitaveitu að Bakkakoti í landi Eiríkshlíð, áður á dagskrá 94. fundar.

Lagt var fram minnisblað Eyþórs Sigurðssonar hjá Verkís.

Samþykkt var að leggja stofn hitaveitu að Bakkakoti enda greiði umsækjandi 75% af kostnaði við lögnina og heimtaugargjald skv. gjaldskrá.

3. Vatnslögn að Spóastöðum - 1909033

Umsókn um stofnlögn og tengingar fyrir Spóastaði

Umsóknin er samþykkt. Stjórnin felur sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs og sveitarstjóra í samstarfi við veitustjóra að ganga frá innheimtu og uppgjöri við umsækjendur vegna málsins.

4. Vatnsveita í Vörðuhlíð - 1909034

Vatnsveita í Vörðuhlíð, drög að samningi við eigendur vatnsbóls í landi Iðu.

Vatnsveita í Vörðuhlíð, lögð voru fram drög að samningi við eigendur vatnsbóls í landi Iðu.

Veitustjórn felur sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs og sveitarstjóra að vinna áfram að gerð samnings í samræmi við umræður á fundinum.

5. Trúnaðarmál - 1909035

Fært í trúnaðarbók.

6. Staða framkvæmda 2019 - 1906012

Staða helstu framkvæmda 2019, Benedikt og Bjarni fóru yfir stöðuna.

Fundi slitið kl. 17:50.

Kjartan Lárusson

Helgi Kjartansson

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Bjarni D. Daníelsson
